

## Svar

### forsætisráðherra við fyrirspurn frá Ingu Sæland um nefndir, starfshópa, faghópa og ráð á vegum ráðuneytisins.

1. *Hvaða nefndir, starfshópar, faghópar, ráð og áþekkir hópar starfa á vegum ráðuneytisins? Meðlimir hvaða hópa fá greidd laun fyrir vinnu sína?*

Eftirfarandi nefndir, starfshópar, faghópar og ráð eru nú starfandi á vegum ráðuneytisins:

- Aðgerðahópur um verkefnið karlar og jafnrétti.
- Aðgerðahópur stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins til þess að vinna að launajafnrétti kynjanna.
- Almannafræðingaráð og öryggisráð.
- Barnamenningsráð Íslands.
- Framtíðarnefnd forsætisráðherra.
- Jafnréttisráð.
- Kærufund jafnréttismála.
- Málnefnd Stjórnarráðsins.
- Nefnd til að leiða viðræður um sáttaumleitanir við fyrrum sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu.
- Nefnd um aðgerðir vegna upplýsingaóreiðu.
- Nefnd um endurskoðun laga og reglna um eignarhald á landi og fasteignum.
- Nefnd um endurskoðun laga um fjármál stjórnarráðsamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.
- Nefnd um framkvæmd heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
- Nefnd um framtíðarstarfsemi á Hrafnseyri.
- Nefnd um umbætur á úrvinnslu og nýtingu launatölfræðiupplýsinga.
- Nefnd um þróun mælikvarða um hagsæld og lífsgæði.
- Orðunefnd.
- Óbyggðanefnd.
- Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur.
- Ritstjórn Samráðsgáttar.
- Samráðshópur um flutning velferðarráðuneytisins í hús nr. 4 við Skúlagötu.
- Samráðsvettvangur ráðuneytanna um löggjafarmálefni.
- Samstarfsnefnd um málefni þjóðlendra.
- Starfshópur um ákvörðun ESA varðandi ríkisaðstoð við orkufyrirtæki.
- Stefnuráð Stjórnarráðs Íslands.
- Stýrihópur um framkvæmd EES-samningsins.
- Stýrihópur um framkvæmd vottunar- og faggildingarmála.
- Stýrihópur um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi.
- Ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.
- Úrskurðarnefnd um upplýsingamál.
- Verkefnastjórn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

- Verkefnisstjórn um peningastefnu, þjóðhagsvarúð og fjármálaeftirlit.
- Vísinda- og tækniráð.
- Þjóðaröryggisráð.
- Verkefnisstjórn um mótun innleiðingaráætlunar um samþættingu kynja og jafnréttis-  
sjónarmiða í stefnumótun og ákvarðanatöku ráðuneyta og stofnana ríkisins í samræmi  
við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, og framkvæmdaáætl-  
un ríkisstjórnar í jafnréttismálum (2016–2019).
- Jafnréttissjóður Íslands.
- Tengiliðahópur vegna ritunar skýrslu um viðbrögð stjórnvalda við ábendingum í skýrslu-  
um rannsóknarnefnda Alþingis.
- Nefnd um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis.

Meðlimir í eftirfarandi hópum, einn eða fleiri, fá greitt fyrir störf sín:

- Kærunefnd jafnréttismála.
- Nefnd til að leiða viðræður um sáttaumleitanir við fyrrum sakborninga í Guðmundar-  
og Geirfinnsmálinu.
- Nefnd um framtíðarstarfsemi á Hrafnseyri.
- Óbyggðanefnd.
- Úrskurðarnefnd um upplýsingamál.
- Jafnréttissjóður Íslands.
- Nefnd um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis.
- Verkefnisstjórn um peningastefnu, þjóðhagsvarúð og fjármálaeftirlit.

## 2. *Hversu mikill kostnaður hlaust af starfsemi ofangreindra hópa árið 2018?*

Kostnaður ráðuneytisins vegna fyrrgreindra hópa á árinu 2018 nam samtals u.þ.b. 43 millj. kr. Kostnaður vegna vinnuframlags starfsmanna ráðuneytisins vegna hópanna er ekki tiltek-  
inn.

## 3. *Hyggst ráðherra stuðla að einfaldara og ódýrara stjórnkerfi með því að fækka launuðum nefndum, starfshópum, faghópum, ráðum og áþekktum hópum á vegum ráðuneytisins?*

Ávallt er reynt að gæta aðhalds og hagkvæmni við skipun nefnda og starfshópa og í rekstri þeirra. Tilgangur og markmið með skipun nefnda og starfshópa að frumkvæði ráðherra er í grófum dráttum þrennskönar. Í fyrsta lagi að tryggja samráð og samvinnu milli fulltrúa þeirra stjórnvalda sem hafa aðkomu að viðkomandi málefni lögum samkvæmt. Í öðru lagi að tryggja að sjónarmið helstu hagsmunaaðila komist að í umfjöllun og við stefnumótun stjórnvalda á málefnasviðum sem þau varða og í þriðja lagi að tryggja faglega stefnumótun og úrvinnslu mála með aðkomu utanaðkomandi sérfræðinga á viðkomandi sviði. Kostnaður vegna nefnda liggur fyrst og fremst í þóknunum sem greiddar eru til utanaðkomandi sérfræðinga fyrir þátttöku þeirra í nefndarstarfi, enda er það meginregla að ekki sé greitt fyrir setu fulltrúa stjórnvalda og hagsmunaaðila í nefndum og ráðum á vegum ráðuneyta. Er það afstaða ráðherra að við úrlausn mikilvægra og flókinna verkefna af hálfu stjórnvalda beri jafnan að leitast við að afla ráðgjafar og álits færustu sérfræðinga á viðkomandi sviði til að tryggja, eins og unnt er, gæði stefnumótunar og ákvörðunartöku. Með vísan til framangreinds er það ekki markmið í sjálfu sér að draga úr þátttöku utanaðkomandi sérfræðinga í nefndarstarfi, og þar með launuðum nefndum og starfshópum, heldur ræðst fjöldi slíkra nefnda af eðli þeirra verkefna sem unnið er að í ráðuneytinu á hverjum tíma og þeim stjórnarmálefnum sem undir það heyra.